

**FRÁSÖGN**

af vorfundi NATO-þingsins í Vilnías 30. maí til 2. júní 2014

Árlegur vorfundur NATO-þingsins var haldinn í Vilnías dagana 30. maí - 2. júní sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti fundinn Birgir Ármannsson, auk Örnú Gerðar Bang ritara. Á vorfundum NATO-þingsins vinna málefnanefndir skýrslur og eiga fundi með fulltrúum ríkisstjórna, alþjóðastofnana og sérfræðingum. Þá er þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu. Helstu umræðuefni fundarins voru átökin í Úkraínu og áhrif þeirra á orkuöryggi Evrópu, samskipti NATO og Rússlands, málefni Afganistans í ljósi brotthvarfs herafra NATO frá landinu seinni hluta árs og þróun kjarnorkuáætlunar Írans. Um 360 þingmenn sóttu fundinn frá 28 aðildarríkjum NATO.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var m.a. tekin ákvörðun um starfsemi og helstu viðfangsefni NATO-þingsins seinni hluta árs 2014. Aukin áhersla verður lögð á málefni Úkraínu og samskipti landsins við NATO, samvinnu um varnarbúnað NATO og áframhaldandi áhersla verður á málefni Afganistans eftir brotthvarf herliða NATO af svæðinu síðar á árinu auk samskipta NATO og Rússlands. NATO-þingið sendi fulltrúa í kosningaefirlit til Úkraínu í tengslum við forsetakosningarnar í maí 2014 í samvinnu við ÖSE-þingið og skýrði Karl Lamers, formaður þýsku landsdeildarinnar, frá jákvæðri reynslu við eftirlitið. Hugh Bailey, forseti NATO-þingsins, gerði jafnframt grein fyrir samskiptum sínum við rússneska þingið en á síðasta fundi stjórnarnefndarinnar sem haldinn var í Ríga í apríl sl. voru nefndarmenn sammála um að ekki væri hægt að halda samskiptum við Rússa óbreyttum eftir innlimun þeirra á Krímskaga. Í framhaldinu kusu nefndarmenn einróma með því að Rússar misstu stöðu sína sem aukaaðildarríki að NATO-þinginu. Framkvæmdastjórn NATO-þingsins var falið að vera í samskiptum við fulltrúa rússneska þingsins og útskýra ákvörðun þingsins fyrir þeim og ræða framtíðarsamskipti. Af þeim svörum sem borist hafa framkvæmdastjóranum frá Rússum virðist ekki vera áhugi á frekari samskiptum að svo stöddu. Þá var fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 samþykkt, en heildarupphæð hennar hefur staðið í stað síðustu þrjú árin.

Á fundi stjórnámalanefndar NATO-þingsins var fjallað um þrjár skýrslur. Sú fyrsta fjallar um vaxandi öryggisógn við suðaustur landamæri NATO. Hún kannar flóknar öryggis áskoranir beggja vegna Atlantskála vegna þróunarinnar í Sýrlandi, Írak og Íran og veltir upp stefnu NATO á svæðinu. Önnur skýrslan tekur á samstarfi NATO og stefnu þess að vera opin gagnvart nýjum aðildarríkjum (*Open Door Policy*). Sú þriðja fjallar um samskipti NATO handan Atlantshafs eftir árið 2014 með áherslu á brotthvarf herliðs NATO frá Afganistan og helstu málefni sem nauðsynlegt er að takast á við í framhaldinu. Vísinda- og tækninefnd þingsins ræddi m.a. um hnattræna dreifingu skot- og eldflaugavarna og orkuöryggi í Evrópu með áherslu á gasbirgðir og netöryggi.

Efnahagsnefnd NATO-þingsins fjallaði í skýrslum sínum um viðskiptasamstarf yfir Atlantshaf, efnahagsleg áhrif breyttrar nálgunar Bandaríkjanna og Evrópu gagnvart Asíu og öryggis- og efnahagsþróun á Sahel-svæðinu (svæði í Afríku sem liggur á mörkum Sahara og gróðurlendisins í suðri). Þá fjallaði varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins um þrjár skýrslur á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um Afganistan eftir árið 2014 og þau mikilvægu tímamót fyrir NATO og alþjóðasamfélagið, önnur um snjallvarnir og tækninýjungar með áherslu á ómönnuð flygildi (*drones*) og sú þriðja um bæði hnattræn og svæðisbundin áhrif borgarastríðsins í Sýrlandi auk hlutverks NATO. Nefnd um borgaralegt öryggi ræddi m.a. um stjórnámalalegar umbreytingar í Afganistan og þær ógnir og tækifæri sem fylgja henni, málefni Georgíu og samþætting við Vesturlönd, baráttuna gegn hryðjuverkum með áherslu á aukið öryggi og hvernig verja megi lýðræðisstofnanir og málefni Úkraínu út frá alheimsöryggi.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 30. maí sl. þar sem tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Hugh Bayley, forseti NATO-þingsins, Loreta Graziniené, þingforseti Litháen, Algirdas Butkevicius, forsætisráðherra Litháen, Andriy Parubiy, sérfræðingur hjá þjóðaröryggisráði Úkraínu, og Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO.

Forseti NATO-þingsins, Hugh Bayley, setti þingfundinn og ræddi m.a. ástandið í Úkraínu og mikilvægi þess að NATO auki stuðning sinn við úkraínsk stjórnvöld, fordæmi ólögmetar aðgerðir Rússa við innlimun Krímskaga og leggi áherslu á skuldbindingar NATO við aðildarríki sín. Þá sagði Bayley að hinn 10. júní nk. muni NATO-þingið kynna framkvæmdastjóra NATO skjal þar sem skerpt er á leiðum fyrir bandalagið til að styrkja samskiptin handan Atlantshafs og útlistað hvers vegna NATO heldur áfram að vera ómissandi þegar kemur að alþjóðlegum varnarmálum.

Í ávarpi sínu fór Rasmussen m.a. yfir aðgerðir NATO í Afganistan, átökin í Úkraínu og samskipti NATO og Rússlands. Einnig lýsti hann yfir miklum áhyggjum af niðurskurði aðildarríkjanna til varnarmála og lagði áherslu á breytt landslag í Evrópu varðandi öryggismál í kjölfar átakanna í Úkraínu. Hann benti á að á meðan aðildarríki NATO, sérstaklega Evrópuríkin, væru að skera fjármagn niður til varnarmála um 10–15% að meðaltali síðan árið 2008 væru Rússar á sama tíma að auka framlög til varnarmála um 31%. Hann áréttaði jafnframt orð sín um árangursríkar varnir og nauðsyn þess að niðurskurður á fjárframlögum til varnarmála yrði ekki svo mikill að hann veikti hæfni bandalagsins til að uppfylla varnarskuldbindingar sínar. Þá ræddi hann um undirbúning fyrir næsta leiðtogafund NATO sem haldinn verður í Wales í september nk. Hann greindi frá helstu áhersluatriðum fundarins sem verða m.a. aðgerðir Rússa í Úkraínu og mikilvægi 5. greinar Atlantshafssáttmálans um sameiginlegar varnir aðildarríkjanna. Varðandi Afganistan sagði hann mikilvægt að veita afgönsku þjóðinni áfram stuðning eftir að herlið NATO yfirgefur landið eins og fyrirhugað er seinni hluta árs 2014. Yfirfærslan gangi ágætlega en að mörgu sé að huga í framhaldinu og brýnt að vera vakandi fyrir hugsanlegum áhrifum bæði innan lands og á nágrannaríkin.

Þingfundurinn samþykkti þrjár yfirlýsingar um eftirfarandi málefni: um vestræna samvinnu, um stækkun NATO og um stuðning við Úkraínu. Í yfirlýsingunni um stuðning við Úkraínu er m.a. lögð áhersla á samstöðu með íbúum Úkraínu þar sem þeir verja sjálfstæði sitt og landsvæði. Þá er ályktun Dúmunnar og þjóðþings Rússlands fordæmt þar sem heimilað er að beita hervaldi í Úkraínu.

Ársfundur NATO-þingsins fer fram í Haag 21.- 24. nóvember nk. Frekari upplýsingar fást hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.nato-pa.int](http://www.nato-pa.int).

\*\*\*\*\*